



ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA UM FJÁRMÁLAÁÆTLUN  
FYRIR ÁRIN 2018-2022, 402. MÁL

ÞÍÐA: 1/3  
DAGS 27.04.2017

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur farið yfir þingsályktunartillöguna og greinargerðina sem henni fylgir hvað varðar málaflokka sýslumanna.

Sýslumenn falla undir útgjaldaramma málefnasviðs 10 um réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýslu dómsmála.

Athygli vekur að á tímabili áætlunarinnar árin 2018-2022 lækka heildarútgjöld málefnasviðs 10 sem nemur 541 milljón króna, sem vekur áleitnar spurningar um hvernig reiknað er með að dreifing fjárveitinga til einstakra málaflokka á þessu málefnasviði er hugsuð.

Þetta er áhyggjuefni m.a. í ljósi þess hvernig málaflokkurinn útlendingamál þenst út hratt og hömlulaust og hlýtur að óbreyttu að krefjast sífellt herra hlutfalls þeirra fjárheimilda sem málefnasviði 10 eru ætluð, sem ætla má að verði þá á kostnað annarra málaflokka sem heyra undir málefnasvið 10.

Hvað sýslumenn varðar er ekki að finna svör við því í greinargerðinni hver áhrifin verða fyrir þá, en í kafla 2 Starfsemi og helstu áskoranir, er á bls. 193 fjallað um sýslumannsembættin. Þar kemur skýrt fram að embættin eiga við rekstrarhalla að glíma og að ekki hefur tekist að skapa þeim fullnægjandi rekstrargrundvöll, og að jafnvægi muni ekki nást í rekstri embættanna nema leyst verði úr eldri halla og auknar fjárveitingar komi til.

Á bls. 194 er fjallað um að áhersla verði lögð á það „á árinu“ að greina verkefni og stytta málsmeðferðartíma hjá embættum sýslumanna, auk þess sem ferlar verða samræmdir á milli embætta til þess að tryggja sambærilega þjónustu um allt land.

Þetta er að sjálfsögðu mikilvægt meginmarkmið, en það verður að segjast að þær aðgerðir sem þarna eru taldar (bls. 196-197) til að ná fram settum markmiðum eru frekar metnaðarlitlar og koma engan veginn að kjarna þess úrlausnarefnis sem felst í markmiðum um faglega og skilvirka málsmeðferð og aukinni ánægju viðskiptavina með þjónustu sýslumannsembættanna og gæði hennar.

Settir eru fram mælikvarðar um fjölda rafrænna eyðublaða sem eru í boði og fjölda skjalttegunda sem er þinglýst rafrænt.

Það er á hinn bóginn ekki fjallað um starfskerfi sýslumannsembættanna, en þau eru grundvallaratriði í allri starfsemi embættanna og vega mjög þungt þegar kemur að málshraða og skilvirkni málmeðferðar, og hafa því afgerandi áhrif á ánægju viðskiptavina með þjónustu embættanna og gæði hennar.

Þjóðskrá Íslands sér um forritun og rekstur starfs- og upplýsingakerfa sýslumanna. Þjóðskrá heyrir undir dómsmálaráðherra eins og sýslumenn, en er á hinn bóginn ekki í sama málefnasviði í fjármálaáætlun. Sýslumenn greiða Þjóðskrá milljónatugi á ári hverju fyrir þessa þjónustu. Starfskerfin standa ekki undir þeim væntingum sem gera verður til slíkra kerfa og miðar því miður of hægt. Þau ættu að vera lykill að því að þvi að gera sýslumönnum kleift að auka ánægju viðskiptavina með þjónustu embættanna og gæði hennar.

Það er því áhyggjuefni að hvorki hjá sýslumönnum í málefnasviði 10 né hjá Þjóðskrá í málefnasviði 6 (Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál) eru sett fram markmið um verulega innspýtingu til að uppfæra

starfskerfin. Á hvoru málefnasviðinu ætti að leita fjárheimilda fyrir stofnkostnaði við gerð starfskerfa sýslumanna?


SÝSLUMAÐURINN

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gerir athugasemdir við það sem segir á bls. 193 í greinargerðinni, að þjónustustöðvum sýslumanna hafi ekki fækkað við þá breytingu sem gerð var á embættunum 1. janúar 2015. Hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu var strax í upphafi ráðist í umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir og hefur starfsstöðvum verið fækkað úr þremur í ein. Breytingin hefur mikil samlegðaráhrif í för með sér og veitir mikil tækifæri til að bæta þjónustu embættisins við viðskiptavini og auðveldar starfsmönnum einnig að þróa sig í starfi.

SÍDA: 3/3

Það er á hinn bóginn gagnrýni vert að ekki hafi verið lagt til sérstakt fjármagn til að standa undir breytingakostnaði við sameiningu embættanna sem er umtalsverður. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði sem sameinuð embætti hafa af því að ganga frá skjalasöfnum aflögðu embættanna í þann búning sem reglur Þjóðskjalasafns gera að skilyrði fyrir því að taka á móti skjalasöfnum þeirra. Ríkisendurskoðun mun ítrekað hafa bent á nauðsyn þess að gera ráð fyrir breytingakostnaði sem þessum.

Virðingarfyllst,



Þórólfur Halldórsson

sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu